

Efni: Beiðni um niðurfellingu gatnagerðargjalda

Undirrituð, Þóra Marý Arnórsdóttir kt. 190889-3279 og Páll Janus Þórðarson kt. 260887-2119, óska eftir niðurfellingu gatnagerðargjalda á grundvelli 5. greinar laga nr. 153/2006 um gatnagerðargjöld en þar er kveðið á um almennar lækkunarheimildir sveitastjórna vegna stækkunnar íbúðarhúss sem er amk. 15 ára, enda nemi stækkunin ekki meira en 30 fermetrum á hverju 10 ára tímabili. Ef stækkunin er meiri en 30 fermetrar skal greiða fullt gjald af því sem umfram er. Þá er vitnað í lagaákvæði þetta í 7. gr. gjaldskrár Ísafjarðarbæjar fyrir gatnagerðargjald, stofngjald vatnsveitu, stofngjald holræsa og byggingarleyfisgjald í Ísafjarðarbæ sem fjallar um sérstakar lækkunarheimildir gatnagerðargjalds.

Um er að ræða stækkun við einbýlishús, að Góuholti 10, sem var byggt 1976, tvær viðbyggingar við húsið sem nema samtals 28,6 fermetrum. Stækkunin fellur undir umrædda lagaheimild þar sem um er að ræða hús sem er eldra en 15 ára og stækkun undir 30 fermetrum.

Þá má einnig geta þess að um framkvæmdir við þegar tilbúna götu er að ræða og vísast jafnframt í fordæmi þess að fella niður gatnagerðargjöld svo sem í Tunguhverfi á Ísafirði.

Ísafjörður, 18. febrúar 2021

Virðingarfyllst,

Þóra Marý Arnórsdóttir og Páll Janus Þórðarson